

Björgun ehf
Sigurður R. Helgason
Sævarhöfða 33
110 Reykjavík

2000080010
1300; 9310

Reykjavík, 9. nóvember 2000
/--

Efni: Landfylling í Arnarnesvogi, Garðabæ. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Björgunar ehf. og Bygg ehf. að matsáætlun um Landfyllingu í Arnarnesvogi, Garðabæ.

Skipulagsstofnun barst með bréfi dags. 6. október 2000 tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun :

Björgun ehf., Bygg ehf., Hönnun hf. Landfylling í Arnarnesvogi,
Garðabæ. Tillaga að matsáætlun. 6. október 2000.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Garðabæ, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og Siglingastofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Garðabæ dags. 30. október 2000, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dags. 20. október 2000, Hollustuvernd ríkisins dags. 26. október 2000, Náttúruvernd ríkisins dags. 26. október 2000, Siglingastofnun dags. 24. október 2000, Tómasi H. Heiðar og Ólöfu Sigríði Valsdóttur dags. 21. október 2000, Ragnari Guðmundssyni dags. 23. október 2000, Jóni Inga Young dags. 22. október 2000 og Brynju Dís Valsdóttur dags. 26. október 2000. Skipulagsstofnun bárust einnig frekar upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemda dags. 31. október, 6. og 7. nóvember 2000.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér að neðan.

Framkvæmd og framkvæmdasvæði

Skilgreining framkvæmdar

Í tillögu að matsáætlun er greint frá því að tilgangur og markmið fyrirhugaðrar framkvæmdar sé að skapa aukið rými til íbúðarbyggðar. Framkvæmdin feli í sér niðurrif iðnaðarhúsnæðis, gatna- og lóðagerð og 7,7 ha landgerð í sjó út á Arnarnesvog. Fram kemur að megináherslupættir í matsskýrslu muni snúa að beinum áhrifum og raski vegna framkvæmda við landfyllingu en ekki verði hjá því komist að skoða þau óbeinu áhrif sem framkvæmdin muni hafa á samfélagið í kjölfar framtíðarnýtingar svæðisins.

Í athugasemdum sem bárust Skipulagsstofnun á kynningartíma er m.a. lögð áhersla á að auk áhrifa landfyllingar í Arnarnesvogi verði könnuð ítarlega áhrif fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar á samfélagið.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að endanlegur íbúafjöldi hafi ekki verið ákveðinn en þó megi gera ráð fyrir að byggðar verði rúmlega 900 íbúðir, allt eftir því hvernig byggt verði. Miðað við það verði íbúafjöldinn á öllu framkvæmdasvæðinu á bilinu 2.000-2.200 manns. Tæpur helmingur íbúða verði á fyrirhugaðri landfyllingu.

Hin almenna lýsing sem fram kemur í tillögu framkvæmdaraðila nær til þeirra þátta sem taka þarf á í mati á umhverfisáhrifum þess að gera landfyllingu út í Arnarnesvog. Skipulagsstofnun telur hins vegar að einnig þurfi í matsáætlun og matsskýrslu að gera grein fyrir áhrifum fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar á landfyllingunni á menn og samfélag. Forsendur framkvæmdaraðila fyrir gerð landfyllingar í Arnarnesvogi eru þær að þar skapist rými fyrir 2.000 - 2.200 manna íbúðarbyggð. Af hálfu bæjarstjórnar Garðabæjar hefur ekki verið mörkuð framtíðarstefna um landfyllingu og íbúðarbyggð á þessu svæði. Ljóst er að fyrirhuguð íbúðarbyggð á landfyllingu í Arnarnesvogi verður veruleg viðbót við núverandi íbúafjölda og kann að hafa veruleg áhrif á samfélagið.

Skipulagsstofnun telur að í matsáætlun og matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir þeim áhrifum sem fyrirhugað bryggjuhverfi kann að hafa á menn og samfélag. Þetta á við um m.a.:

- Samgöngur og veitur,

- leikskóla og grunnskóla,
- verslun og þjónustu,
- hávaða-, loft- og sjónmengun,
- aðgengi að útivistarsvæðum.

Efnistaka og flutningsleiðir

Náttúruvernd ríkisins bendir á að fjalla þurfi um efnistöku í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Leggja þurfi fram áætlun um efnistöku og frágang og sýna þurfi staðsetningu og afmörkun efnistöku á kortum. Meta þurfi umhverfisáhrif efnistöku bæði á landi og í sjó.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis bendir á að gera þurfi grein fyrir væntanlegum efnisflutningum landleiðina. Leggja þurfi mat á grjótmagn og magn annarra jarðefna sem flytja þurfi landleiðina, flutningsleiðir, áætlaðan fjölda ferða og á hvaða tímabili flutningar muni fara fram.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að áætlað heildarefnismagn fyrirhugaðrar landfyllingar í Arnarnesvogi sé um 730 til 740 þús. m³. Um 700 þús. m³ af skeljagrús verði fengin úr námum í sjó í Faxaflóa (Sandhali). Um 5 til 10 þús. m³ af fyllingarefni og um 25 til 30 þús. m³ af grjóti verði fengin úr námum á landi. Öllum efnisflutningum verði gerð ítarleg skil í matsskýrslu.

Skipulagstofnun telur að í matsáætlun og matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir efnistökusvæðum í sjó og á landi, staðsetningu þeirra, stærð, efnismagni, á hvaða tímum ráðgert sé að efnisflutningar á sjó og landi fari fram, flutningsleiðum og fjölda ferða, hávaða- og loftmengun og hugsanlegum hættum sem flutningunum geta fylgt. Gerð verði grein fyrir leyfum sem framkvæmdaraðili hefur fyrir efnistöku í sjó og gildistíma þeirra.

Landfylling í Arnarnesvogi, niðurrif á húsnæði, gatna- og lóðagerð

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis bendir á að gera þurfi grein fyrir verkáætlun í matsskýrslu. Hollustuvernd ríkisins bendir á að gera þurfi grein fyrir áhrifum framkvæmda á strauma í vöginum og á fyrirliggjandi set og hugsanlega setmyndun. Fram kemur að við niðurrif bygginga á iðnaðarsvæðinu þurfi að tryggja að spilliefni og önnur mengandi efni dreifist ekki út í umhverfið og þeim sé komið til viðurkennds móttökustaðar. Kanna þurfi hvort jarðvegur og annað umhverfi bygginga á staðnum sé mengað, hvort fjarlægja þurfi hluta jarðvegs þannig að svæðið verði hæft sem íbúðarsvæði og ef svo er hvað gera eigi við þann jarðveg.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að matsskýrsla muni

innihalda ýtarlega lýsingu á verkinu í þrepum. Metin verði áhrif landfyllingarinnar á strauma í voginum og framkvæmdin verði sett inn í straumlíkan og möguleg áhrif á setmyndun skoðuð. Farið verði eftir ábendingum Hollustuverndar ríkisins og haft samráð um meðhöndlun spilliefna og annarra mengandi efna ef þau eru fyrir hendi. Tekin verði jarðvegssýni á svæðinu og unnið úr þeim í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

Skipulagsstofnun telur að í matsáætlun og matsskýrslu þurfi að koma skýrt fram hvernig fyrirhugað sé að standa að gerð landfyllingarinnar og í hvaða áföngum. Gera þarf grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á strauma og setmyndun í voginum. Einnig þarf að gera grein fyrir hæð fyrirhugaðrar landfyllingar yfir sjó, endanlegri landmótun og frágangi svæðisins eftir að framkvæmdum við landfyllinguna lýkur.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Náttúruvernd ríkisins bendir á að í matsáætlun verði gerð grein fyrir því hvenær fyrirhugaðar rannsóknir muni fara fram þar sem miklu máli skipti á hvaða árstíma úttektir á náttúrufari séu gerðar og að fram komi hvaða aðferðarfræði verði beitt við rannsóknirnar. Talið er mikilvægt að fylgst verði með raunverulegum áhrifum framkvæmdarinnar og að í matsskýrslu verði lögð fram og gerð grein fyrir vöktunaráætlun vegna hennar. Fram kemur að gera þurfi grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á landslagsgerðir sem njóta skuli verndar samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að um fjölbreytt fuglasvæði sé að ræða á voginum og verið sé að vinna að reglubundnum fuglatalningum og rannsóknum á svæðinu, rannsóknir á botndýralífi séu ekki háðar árstíma. Þegar niðurstöður liggi fyrir sé mögulegt að meta hvaða áhrif fyrirhuguð landfylling komi til með að hafa á fugla- og dýralíf í voginum. Ljóst sé að fuglatalningu verði ekki lokið þegar matsskýrslu verði skilað til Skipulagsstofnunar. Fram kemur að ekki sé gert ráð fyrir að í matsskýrslu verði sérstök vöktunaráætlun. Gerð verði grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á landslagsgerðir sem njóta skuli verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Hollustuvernd ríkisins bendir á varðandi fjöru- og botndýralíf að ýmis eiturefni séu notuð í skipasmíðastöðvum og geti þessi efni verið til staðar í seti og við aðstöðuna sem stöðin hafði. Tryggja þurfi að ekki sé hætta á að slík efni fari á hreyfingu við framkvæmdirnar eða leki síðar út í umhverfið.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að farið verði eftir ábendingum Hollustuverndar ríkisins um meðhöndlun slíkra efna ef þau eru fyrir hendi. Nánar verði fjallað um þennan þátt í matsskýrslu.

Framkvæmdin er fyrirhuguð á svæði sem er á náttúruminjaskrá og þar sem fuglalíf er fjölbreytt. Í ljósi þess að framkvæmdaraðili hyggst skila matsskýrslu til Skipulagsstofnunar áður en rannsóknum á fuglalífi lýkur fer stofnunin fram á að framkvæmdaraðili leggi jafnframt fram til Skipulagsstofnunar úrvinnslu og niðurstöður fyrirbyggjandi fuglatalninga, sem hafi áður verið kynntar Náttúruvernd ríkisins, um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf á Arnarnesvogi. Bent hefur verið á hættu á því að eiturefni geti lekið úr seti á núverandi iðnaðarsvæði við framkvæmdirnar. Skipulagsstofnun telur að í matsáætlun og í matsskýrslu skuli gera grein fyrir vöktunaráætlun vegna framkvæmdarinnar. Ennfremur þarf að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á landslagsgerðir sem njóta skulu verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að við gerð matsskýrslu verði haft náið samráð við bæjaryfirvöld Garðabæjar og að æskilegt sé að í matsskýrslu komi fram afstaða og mat bæjaryfirvalda á mikilvægi svæðisins sem framtíðar íbúðarsvæðis m.a. í samanburði við önnur fyrirhuguð íbúðarsvæði s.s. á Garðaholti og á Arnarneshæð.

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir

Fylgiskjöl:

Umsagnir frá Garðabæ dags. 30. október 2000, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dags. 20. október 2000, Hollustuvernd ríkisins dags. 26. október 2000, Náttúruvernd ríkisins dags. 26. október 2000 og Siglingastofnun dags. 24. október 2000. Athugasemdir frá Tómasi H. Heiðar og Ólöfu Sigríði Valsdóttur dags. 21. október 2000, Ragnari Guðmundssyni dags. 23. október 2000, Jóni Inga Young dags. 22. október 2000 og Brynju Dís Valsdóttur dags. 26. október 2000.

Afrit :

Garðabær, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Siglingastofnun, Tómas H. Heiðar og Ólöf Sigríður Valsdóttir, Ragnar Guðmundsson, Jón Ingi Young og Brynja Dís Valsdóttir.